

# Reglugjörð

## um fjársöfn, rjettarhöld, fjármörk með fleiru í Vestmannaeyjum.

### 1. gr.

Hver búandi sem hefur til ábúðar jörð eða jarðarpart, sem metinn er til dýrleika, er skyldur til að leggja mann eða menn til fjársafnsins, eftir því sem fjallskilanefndin fyrirskipar.

Heimilt er fjallskilanefnd, ef hún þykist geta gjört það safninu að skaðlausu, að lofa tveimur eða fleiri að leggja saman.

### 2. gr.

Fjársöfn eru 6 á ári, þrjú vorsöfn og þrjú haustöfn. Auk þeirra má fjallskilanefnd kveðja til aukasafns að vetri, ef þurfa þykir.

Fjallskilanefnd ákveður hvenær ganga skal til hvers einstaks safns, en auglýsa skal hún það minst degi á undan á hjer tðkanlegan hátt. Ennfremur skal hún sjerstaklega kalla hvern skyldan mann í safnið, að morgni þess dags sem safnað er.

### 3. gr.

Fjallskilanefndin ákveður hvaða svæði búendur hver um sig skuli láta leita, og skulu þeir leggja fullgildan mann til þeirra leita, sem fari af stað undir eins og búið er að kalla. Þyki fjallskilanefnd einhverjir hafa sent menn, sem eigi sjeu gildir, má hún taka aðra, á þeirra kostnað í eftirleit, ef fje hefur orðið eftir, og kæra þá til sekta.

### 4. gr.

Allar leitir skulu fara fram samblíða svo eigi tynist fje eða renni á milli og ber gangnamönnum að haga sjer í gönguunum eftir fyrir mælum fjallskilanefndar eða þeirra, sem í umboði hennar stjórna safninu.

### 5. gr.

Fjallskilanefndin sjer um að rjett bæjarins með tilheyrandi dilkum sje haldið vel við. Hún á að sjá um, að dilkarnir sjeu svo stórir, að engu þurfi að hleypa út úr þeim fyr en að afstöðnum rjettum, eða þegar fjallskilanefndin eða sá sem í umboði hennar stjórna rjettahaldinu leylir. Bygging á bæjarrjettinni hvílir jafnt á öllum búendum, en hlutaðeigendur eru skyldir að byggja dilka sína og viðhalda og skulu þeir vera fullgjörðir þann dag er fjallskilanefndin ákveður. Varðar það sektum ef út af er brugðið og skal fjallskilanefndin tafarlaust ljúka verkinu á kostnað hinna seku.

### 6. gr.

Vilji fjallskilanefnd breyta um rjettarstæði þarf hún til þess samþykki meirihluta jarðarbenda.

## 7. gr.

170

Allir gangnamenn eru skyldir að reka til rjettar og annast innrekstur í rjettina eftir 25. nóv. því sem fjallskilanefndin skipar fyrir.

Fjallskilanefndin kveður upp hvenær rjettum er lokið og gætir þess að alt fari fram í góðri reglu. Hver og einn er skyldur að hlýða ráðstöfunum hennar í því efni.

## 8. gr.

Komi fje fyrir á haustrjettum, sem enginn getur helgað sjer, skal það selt í síðustu haustrjettum og fellur andvirði þess, að frádregnum kostnaði í bæjarsjóð, eftir ár og dag frá söludegi. Óskilafje með marki, sem selt er á uppboði skal auglýst í Lögbirtingarblaðinu, og á vanalegan hátt í Vestmannaeyjum,

## 9. gr.

Enginn má hafa nema eitt fjármark í Vestmannaeyjum. Skal hver sá er tekur upp nýtt fjármark, tilkynna fjallskilanefndinni það skriflega fyrir 1. júní ár hvert, og ber henni að innfæra það þegar í markaskrá bæjarins gegn 75 aura borgun,

## 10. gr.

Markaskrá fyrir bæjinn skal endurprenta tíunda hvert ár í svo mörgum eintökum sem þurfa þykir.

Þegar bæjarstjórn ákveður endurprentun markaskrár, skal hver fjáreigandi skyldur til að tilkynna fjallskilanefnd fjármark sitt og brennimark, ef hann vill hafa það og borga um leið 75 aura fyrir eignamark og 50 aura fyrir brennimark.

## 11. gr.

Verði einhver þess var að fje sje í sveltum í hömrum, eða komist í aðra ófæru skal hann tafarlaust tilkynna fjallskilanefnd það og ber henni að sjá um björgun þess. Heimilt er fjallskilanefnd og öðrum, er bjarga fje úr sveltum að halda því þar til bjarglaun eru greidd. Finnist ekki eigandi að björguðu fje skal farið með það, sem óskilafje, og greiði fjallskilanefndin þá bjarglaun af andvirði hins selda meðan það hrekkur til, og ef á vantar úr bæjarsjóði.

## 12. gr.

Enginn má láta hrúta ganga úti á heimalandshögum á tímabilinu frá 1. nóvember til 30. apríl. Hrutum, sem slept verður út í haga eða sem eftir kunna að verða þar á nefndu tímabili, skulu leitaðir uppi sem fyrst á kostnað eiganda, og skal fjallskilanefndin annast um framkvæmd þessa.

## 13. gr.

Enginn má sleppa fje lausu á heimaland nema hann hafi fulla heimild til hagbeitar fyrir það þar, svari ella 10 aurum í hagatoll fyrir hverja sauðkind um daginn, sem rennur í bæjarsjóð.

170

25. nóv.

14. gr.

Enginn má hafa graðfola á Heimalandi og má láta gelda slíka graðfola ef út af er brugðlið.

Skilarjett fyrir hross skal haldin í byrjun júlí ár hvert og skal auglýsa skilarjett þessa með minnst þriggja daga fyrirvara, skal hver hrosseigandi skyldur að koma til rjettarinnar með sitt hross, og tilkynna fjallskilaneftnd heimild fyrir högunum.

Jarðarmenn mega hafa hross í fjárhögum jarðar sinnar á Heimaeyju, þó því aðeins að fjallskilaneftnd gefi skriflega heimild til þess í hvert sinn.

15. gr.

Enginn má hafa graðung á Heimalandi, nema þeir sem halda bæjargraðunga fyrir bæinn.

Ef einhver hefur graðung í bága við grein þessa, má taka slíkan graðung og gelda hann á kostnað eiganda.

16. gr.

Fjallskilaneftndin skal tafarlaust láta drepa þá hunda, sem verða uppvísir að því að drepa unglömb eða sauðfje í haganum, eða alifugla.

17. gr.

Það er skylda fjallskilaneftndarinnar að annast um að fjárból öll á Heimalandi sjeu í góðu standi á hverju hausti eftir síðustu rjettir, og skal kostnaður við það greiddur úr bæjarsjóði. Hún skal einnig sjá um fyrirgirslu þar sem hætt er við að sauðfje fari utan í hamra og hrapi þar til dauða. Kostnaður við það greiðist einnig úr bæjarsjóði.

18. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 100 krónum eftir málavöxtum og renna þær í bæjarsjóð.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

19. gr.

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi reglugjörð fyrir Vestmannaeyjasýslu um fjársöfn m. m. frá 8. sept. 1891 og breyting á sömu reglugjörð frá 9. júlí 1901.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar hefur samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars. 1890, staðfestist hjer með til að öðlast gildi 1. janúar 1920.

**Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 25. nóv. 1919.**

**Sigurður Jónsson.**

*Oddur Hermannsson*